

IS

IS

IS



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, ...
C

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

Um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar og til samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði

(Texti sem varðar EES)

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

um breytingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003, um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, íhluta og búnaðar og til samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, sérstaklega grein 100 (2),

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og leiðtogaáráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur á sviði flugmála og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og sem fellir úr gildi tilskipun ráðsins 91/670/EEC, reglugerð (EB) nr. 1592/2002 og tilskipun 2004/36/EB¹ („grunnreglugerðin“), þá sérstaklega grein 5(5) hennar,

Þar sem:

- (1) Markmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er að koma á og viðhalda háu og samræmdu öryggisstigi almenningsflugs í Evrópu. Reglugerðin býður upp á leiðir til að ná því markmiði og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.
- (2) Þegar reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var skipt út fyrir reglugerð (EB) nr. 216/2008, var grein 5, sem fæst við lofthæfi, útvíkkuð þannig að hún tæki til þátta í rekstrarhæfismati í útfærslureglunum fyrir tegundaskírteini.
- (3) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir kölluð 'stofnunin') hefur þótt nauðsynlegt að leggja til breytingar á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 til að gera stofnuninni kleift að samþykkja rekstrarhæfisögn sem hluta af tegundaskírteinaferlinu.
- (4) Rekstrarhæfisgögnin munu innihalda skylduþjálfunarþætti fyrir tegundaáritunarþjálfun starfsliðs í viðhaldsvottun. Þeir skulu vera grundvöllur fyrir þróun á námskeiðum í tegundaáritun.
- (5) Breyta þarf kröfum sem tengjast þjálfunarnámskeiðum fyrir tegundaáritunarþjálfun viðhaldsvottunarstarfsfólks þannig að tekið sé tillit til rekstrarhæfisgagna.
- (6) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð byggja á álitinu sem stofnunin gaf út² í samræmi við greinar 17(2)(b), og 19(1) reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- (7) Aðgerðir sem eru í boði fyrir þessa reglugerð eru í samræmi við álit³ nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem var komið á fót með grein 65(3) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (8) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 ætti því að breyta til samræmis.

¹ Stjórnartíðindi EB L 79, 19.03.2008, bls. 1.

² Álit 06/2008.

³ (Á eftir að gefa út).

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

Grein 1

Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í grein 6 er eftirfarandi málsgrein (6) bætt við:
 6. Tegundaáritunarnámskeið, sem samþykkt voru áður en lágmarksnámskrá var samþykkt fyrir tegundaáritunarþjálfun viðhaldsvottunarstarfsfólks í rekstrarhæfisgögnum fyrir viðeigandi tegund í samræmi við lið-21, skulu innihalda skylduþjálfunarbættina í rekstrarhæfisgögnunum innan fjögurra ára eftir að þessi reglugerð tekur gildi, eða innan tveggja ára eftir að rekstrarhæfisgögnin voru samþykkt. Tekið skal mið af síðari dagsetningunni.
2. Viðauka III (lið-66) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

Grein 2

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel, XXXX.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

[...]

Forsetinn

VIÐAUKI

Viðauka (lið-66) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1. Málgrein (a)(ii) í kafla 1 'Almennt' í viðauka III er skipt út fyrir eftirfarandi:
 - (ii) Skal sýna fylgni við, nema eins og mismunarþjálfun leyfir, sem lýst er hér að neðan:
 - skylduþjálfunarþættina fyrir viðeigandi tegund eins og þeir eru skilgreindir í rekstrarhæfissögnum, sem útbúin voru í samræmi við lið-21 eða, ef slíkir þættir eru ekki fyrir hendi, staðla sem lýst er í málgrein 3.1 í þessum viðauka III, og
 - matsstaðal tegundaáritunarþjálfunar sem lýst er í málgrein 4.1 í þessum viðauka III.
2. Málgrein (b)(ii) í kafla 1 'Almennt' í viðauka III er skipt út fyrir eftirfarandi:
 - (ii) Skal sýna fylgni við, nema eins og mismunarþjálfun leyfir, sem lýst er hér að neðan:
 - skylduþjálfunarþættina fyrir viðeigandi tegund eins og þeir eru skilgreindir í rekstrarhæfissögnum, sem útbúin voru í samræmi við lið-21 eða, ef slíkir þættir eru ekki fyrir hendi, staðla sem lýst er í málgrein 3.2 í þessum viðauka III, og
 - matsstaðal tegundaáritunarþjálfunar sem lýst er í málgrein 4.2 í þessum viðauka III.